

Ráðningarsamningur

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar ræður Harald Sverrisson, kt. 141261-7119 sem bæjarstjóra Mosfellsbæjar kjörtímabilið 2018 til 2022. Um verksvið bæjarstjóra fer eftir sveitarstjórnarlögum 138/2011 og þeim samþykktum sem bæjarstjórn setur um starfið. Að öðru leyti gilda eftirfarandi ákvæði um ráðningu þessa:

1. gr.

Laun bæjarstjóra skulu vera skv. úrskurði Kjarráðs um laun ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis sem er launatafla kjararáðs nr. 502, launaflokkur 146. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir skv. úrskurði Kjarráðs um sama starfsheiti. Eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar. Um starfskjör bæjarstjóra fer að öðru leyti eftir reglum Kjarráðs um almenn starfskjör t.d. hvað varðar greiðslur í orlofssjóð, fjölskyldu og styrktarsjóð og starfsmenntunarsjóð.

2. gr.

Vegna afnota af bifreið bæjarstjóra í þágu starfsins greiðast 1.200 km á mánuði samkvæmt ökutækjatta ríkisins eins og hann er á hverjum tíma.

3. gr.

Bæjarstjóri skal vera tryggður slysatryggingu, farangurtryggingu, líftryggingu og gegn tjóni á persónulegum munum skv. almennum skilmálum slíkra trygginga hjá tryggingafélagi Mosfellsbæjar og starfsmanna sem falla undir kjarasamning Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga

4. gr.

Laun samkvæmt grein 1 hér að ofan skulu taka breytingum samkvæmt launavísitölu tvisvar á ári þann 1. júní og 1. desember.


5. gr.


Laun samkvæmt 1. Grein greiðast í 6 mánuði frá því að starfi líkur, Segi bæjarstjóri starfi sínu lausu á kjörtímabilinu greiðast þó einungis 3 mánuðir.

Mosfellsbær, 16. ágúst 2018



Fh. Bæjarráðs


Asgeir Sveinsson
formaður bæjarráðs


Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri